

Fundur hverfisnefndar Naustahverfis og íbúa hverfisins 5. maí 2010.

Fundarstjóri: Vaka Óttarsdóttir

Ritarar: Ásdís Birgisdóttir og Björk Guðmundsdóttir

Hrafnhildur E. Karlsdóttir formaður hverfisnefndar Naustahverfis bauð gesti velkomna og setti fund.

Hrafnhildur greindi frá að spurningalisti hefði verið sendur til framboðslistanna á Akureyri og í framhaldi af því ákveðið að boða til þessa fundar.

Fulltrúar framboðanna sex fengu 5 mínútur hver til að gera grein fyrir sínum helstu baráttumálum og þá einkum þeim er snúa að Naustahverfi. Dregið var um í hvaða röð frambjóðendur fluttu mál sitt.

1. Njáll Trauti Friðbergsson, Sjálfstæðisflokki.

Ræddi ýmis mál í tengslum við hverfið og skólann. Í máli Njálts kom fram að næsta stórmannvirki á vegum Akureyrarbæjar yrði hreinsiverkefni og Naustaskóli væri númer tvö í röðinni. Áætlað að hefja byggingaframkvæmdir við Naustaskóla 2013. Hann vill arðsemismat á Dalsbraut og telur mjög mikilvægt að skoða hana frekar. Í skýrslu vegna Dalsbrautar var ekki talin þörf á henni vegna umferðarþunga.

2. Geir Kristinn Aðalsteinsson, L-lista.

Skólamál: Staða skólamála nokkuð góð í dag í hverfinu. Staðan eftir 2 – 3 ár erfiðari og þá orðið þröngt á þingi. Leggja áherslu á að vilja byrja eins fljótt og hægt er á seinni hluta Naustaskóla og helst fyrr en áætlanir gera nú ráð fyrir og að hægt væri að hefja notkun á hluta húsnæðisins fyrir 2015, en að framkvæmdum ljúki að fullu 2015. Vilja að Fífilbrekka verði áfram í Naustaskóla og jafnvel að önnur leikskóladeild komi inn í Naustaskóla.

Dalsbrautin á að koma og verður að koma. Ræða má fyrirkomulag. Með ýmsar hugmyndir varðandi hana.

3. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Framsóknarflokki.

Stefnumál: Stæðsta mál þeirra eru atvinnumál. Vilja stofna atvinnumálanefnd.

Vilja ekki pólitískan bæjarstjóra.

Vilja leggja ríka áherslu á að hefja framkvæmdir við Naustaskóla fyrr en nú er ráð fyrir gert og að framkvæmdir geti staðið yfir í lengri tíma. Vilja taka mótuneytismál skóla almennt á Akureyri til skoðunar. Til skamms tíma félagsaðstaða hverfisins í Rósenborg.

Dalsbraut: Mismunandi skoðanir innan flokksins, hann sjálfur vill sjá hana og byggt verði á raunhæfum forsendum m.t.t. hagsmuna heildarinnar.

4. Sigurður Guðmundsson, Bæjarlistanum.

Grunnforsenda að til séu peningar í bænum. Leggja þarf því áherslu á atvinnumál. Vilja sjá bæjinn koma beint að atvinnumálum t.d. með nýsköpun þ.a. fylgt verði hugmyndum alveg til framkvæmda. Vilja leggja áherslu á ferðaþjónustu og nefndi Hlíðarfjall sérstaklega og framkvæmdir þar sem leggja þarf áherslu á. Bæjarlistinn vill sjá Akureyri aftur sem iðnaðarbæ og vilja því efla iðnfyrirtæki.

Telur uppbyggingu Naustahverfisins verri, en t.d. þegar Lundarhverfi var að byggjast upp. Vilja Dalsbrautina og að KA komi með hluta af sinni starfsemi í Naustahverfi.

Vilja sjá Naustaskóla stækka innan þriggja ára. Vilja hefja framkvæmdir sem fyrst og teygja frekar á byggingartímanum.

5. Sóley Björk Stefánsdóttir, Vinstri grænum

Þakkaði fyrir þennan fund og áhuga íbúa hverfisins sem þeir sýndu með góðri mætingu.

Vinstri grænir setja framkvæmdir við Naustaskóla í forgang á framkvæmdalista hjá sér. Lausar skólastofur neyðarúrræði. Í ljósi stöðunnar í dag geta þau ekki sagt til um dagsetningu hvenær á að hefja framkvæmdir. Lagði áherslu á innra starf skólanna og sagðist treysta starfsfólkinu til að vinna vel með það sem þeir hafa. Taldi óeðlilegt ástand varðandi frágang lóða og lagði áherslu á að ráða þyrfti bót á því t.d. sá þar sem er autt svæði og illgresi.

6. Logi Már Einarsson, Samfylkingunni.

Greindi frá að við finndum öll fyrir biti krepunnar.

Hann sagði hátt atvinnustig vera grunn að góðri þjónustu og vill sjá Akureyrarbæ koma meira að atvinnulífinu. Vandað skipulag nauðsynlegt. Telur að Akureyrarbær hafi farið út af sporinu í skipulagsmálum, en vísbendingar um að það sé aðeins að koma til baka. Höfum núna síðustu ár verið að fikra okkur í blandaða íbúðabyggð. Menn höfðu góð fyrirheit um Naustahverfi, en kannski ekki farið eins vel og áætlanir stóðu til. Ástæðu telur hann of mikil eftirgjöf t.d. gagnvart verktökum.

Samfylkingin er einhuga um að Dalsbraut verði að koma.

Myndu gjarnan vilja sjá framkvæmdir við Naustaskóla sem fyrst, en áætlanir þeirra gera ráð fyrir að framkvæmdir verði á árunum 2013 – 2015, en sagði að þau vildu gjarnan byrja fyrr.

Eftir framsögu framboðanna gerði Bjarni Sigurðsson fulltrúi í Hverfisnefnd Naustahverfis aðeins grein fyrir helstu baráttumálum hverfisins og stöðu mála í dag. Sýndi hann m.a. myndir úr hverfinu máli sýnu til stuðnings. Hann lagði áherslu á að Dalsbraut hefði verið á skipulagi síðan 1972 og mjög nauðsynlegt væri að hún kæmi. Einnig kom fram í máli hans að Naustaskóli væri ekki eingöngu hugsaður sem skóli heldur einnig sem hverfismiðstöð, bókasafn og jafnvel kaffihús.

Á eftir erindi Bjarna var tekið kaffihlé og í framhaldi af því fyrirspurnir til frambjóðenda.

Fyrirspurnir:

1. Sigurður frá Bæjarlistanum spurði hver væri ánægður með skipulag hverfisins. Logi svaraði og vildi meina að margt væri gott í hverfinu, en líka ýmislegt sem betur mætti fara. Hann taldi mjög mikinn kost að hafa blandaða byggð.

2. Fyrirspyrjandi lýsti yfir áhyggjum sínum um atvinnumálin og sagði þær hafa aukist eftir að hafa hlustað á frambjóðendur.

Guðmundur : Svaraði að þeir vildu taka á með vinnumálastofnun til að koma þeim sem væru atvinnulausir út í atvinnulífið. Þeir vilja stofna atvinnumálanefnd.

Sigurður: Vill beina þátttöku bæjarins í nýsköpun. Sjóð með framlagi bæjarins og annarra fyrirtækja í bænum sem mundi stuðla að nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Hann telur of marga milliliði þegar einstaklingar vilja koma á fót fyrirtæki eða hugmynd.

Njáll: Vill leggja áherslu á atvinnumál en ekki sammála Sigurði um að búa til batterí um nýsköpun. Bærinn á að leggja pening í verkefni sem eru arðsöm. Snýst um að skoða hvar fjármagnið er mest. Mikilvægt að skoða arðsemi Dalsbrautar.

Logi: Vill koma að atvinnuskapandi verkefnum eins og t.d. hjúkrunarheimili, flugstöð og Dalsbraut.

Sólveig: Sagði að númer 1 hjá Vinstri grænum væru velferðarmál, skólamál og einnig væri nýsköpun mjög ofarlega í þeirra huga og ferðapjónustan.

Geir: Vill að stofnuð verði atvinnumálanefnd. Hann taldi félagi sína vera að vanmeta vaxtasamning Eyjafjarðar og að það væri batterí sem hægt væri að nota í nýsköpunarmálin.

3. Spurt var hvort ekki væri réttara að efla Akureyrarstofu og Atvinnuþróunarfélagið þ.e. efla það sem fyrir er í stað þess að stofna nýtt batterí eins og atvinnumálanefnd:

Framsókn, L-listinn og Bæjarlistinn telja að leggja beri meiri áherslu á atvinnumálin og það verði best gert með því að taka málin út úr Akureyrarstofu.

VG var sammála fyrirspyrjanda að hlúa ætti frekar að Akureyrarstofu.

4. Fulltrúi foreldra í skólaráði sagði að honum hefði verið lofað að skólinn yrði tilbúinn 2007.

Skólinn var tekinn í notkun 2009. Hann vill fá að vita hvenær skólinn verði fullbyggður og hvort áætlanir standist:

Logi: Segir áætlun um að byrja 2013, en hann vilji skoða hvort hægt sé að flýta því.

Sólveig: VG vilja sjá skólann sem fyrst og vilja hefja framkvæmdir sem fyrst en getur ekki dagsett það þar sem fjármagn er af mjög skornum skammti.

Njáll: Vill fá skólann sem allra fyrst, en hann gerir sér grein fyrir að fjármagnið er af skornum skammti og því verðum við að vera raunsæ um hvenær hægt verði að hefja framkvæmdir.

Guðmundur: Sagði að þau vildu færa þessa framkvæmd fram og reyna að byrja fyrr og vinna verkið frekar á lengri tíma.

Geir: Vilja flýta framkvæmdum

Sigurður: Vill byrja sem fyrst á skólanum og vill ekki sjá sumarhúsabyggð hér við skólann.

5. Spurt var um ófrágengnar lóðir – hvaða úrræði frambjóðendur sæju í þeim málum:

Logi: Taldi að hér væri ekki auðvelt verk að vinna þar sem lóðirnar væru ekki í eign bæjarins og það væri oft mjög erfitt að vinna að þessum verkefnum.

Sólveig: Vill að bærinn leggi sitt af mörkum með atvinnuátaki varðandi lagfæringu umhverfis.

Sigurður: Sammála Loga varðandi lóðir í hverfinu.

Njáll: Sammála Loga að þetta sé flókið mál.

6. Spurt var hvað frambjóðendur sæju fyrir sér varðandi uppbyggingu í Hlíðarfjalli:

Sigurður: Frábærar hugmyndir til um uppbyggingu í Hlíðarfjalli og þurfum að vinna að þeim.

Geir: Uppbygging í Hlíðarfjalli verður þegar fjármagn er til.

Guðmundur: Framsóknarmenn vilja fara í brýnar úrbætur t.d. nýja barnalyftu, bílastæði, en telur að þurfi fjárjmögnunaraðila til að fara í t.d. kláfinn.

Njáll: Hlíðarfjall mikilvægur atvinnupartur fyrir ferðapjónustuna. Dæmi um góðar fjárfestingar í Hlíðarfjalli eru snjóbyssurnar.

Sólveig: Vill sjá uppbyggingu í fjallinu og telur að við þurfum líka að horfa á aðra afþreyingu.

Logi: Við þurfum að finna samhengi hluta. Telur að Hlíðarfjall geti orðið nokkurskonar bjargvættur. Tók dæmi um erlenda ferðamenn. Hann lagði líka áherslu á að ef ekki er hægt að skíða þurfi aðrar afþreyingar

líka að vera í boði t.d. í HOFI. Vill ekki sjá framkvæmdir í Hlíðarfjalli í einkaframkvæmd. Vill leggja áherslu á lyftuframkvæmdir.

7. Spurst var fyrir um leikskólann og aukningu þar.

Sigurður: Vill ekki sjá sumarhúsabyggingu. Biðlisti í Naustatjörn, en laus pláss í öðrum hverfum.

Geir: Enginn vill sumarhús við skólann, en þetta er neyðarlausn sem getur virkað.

Guðmundur: Telur ljóst að við þurfum sumarhús til að uppfylla húsnæðisþörf skólans, en er sammála sessunautum sýnum að það sé neyðarúrræði.

Njáll: Ekki eru allir leikskólar Akureyrarbæjar fullir, en biðlisti á Naustatjörn og því gætu foreldrar þurft að fara með börnin sín í aðra leikskóla.

Logi: Þurfum að eiga færanlegar skólastofur, en þær þurfa að vera ásættanlegar.

8. Spurt var hvort frambjóðendur vildu sjá aukið íbúalýðræði:

Sigurður: Vill sjá íbúalýðræði vel skilgreint og lækka hlutfall undirskrifta til að horft sé á þær.

Geir: Íbúalýðræði þarf að skilgreina betur, en reglurnar koma í veg fyrir að það virki.

Guðmundur: Vill sjá aukið íbúalýðræði og t.d. virkar hverfisnefndir, en samræma þurfi reglur um hverfisráð og hverfisnefndir.

Sóley: Sammála íbúalýðræði, en þörf á að endurskoða reglurnar.

Logi: Vill sjá íbúalýðræði, en mikilvægt að hafa reglurnar þannig að þær virki.

9. Fyrirspyrjandi vildi vita hvort starfsmenn stofnana bæjarins eigi að bera ábyrgð ef illa gengur og nefndi sem dæmi Norðurorku:

Logi: Segir starfsmenn eiga að vera ábyrgir gerða sinna.

Sóley: Sammála Loga.

Sigurður: Mennt eiga að fjúka ef þeir eru ekki að standa sig í starfi. Varðandi Norðurorku eru vandamálin tilkomin vegna ytri aðstæðna. Pólítískar ráðningar hafa verið ráðandi þar.

Guðmundur: Alltaf umdeildanlegt varðandi t.d. erlendar lántökur. Benti á að það væru pólítískir fulltrúar í stjórnnum þessara fyrirtækja.

Geir: Sagði L-listann vilja athuga hvort ekki væri rétt að taka Norðurorku aftur beint í hendur bæjarins.

Njáll: Lántökur stjórnenda voru á þeirra ábyrgð. Lántökurnar voru á þeim tíma sem þetta þótti ábyrg fjármálastjórnun. Kannski eigi að koma þarna í stjórn rekstrarmenn.

10. Í lokin bað fundarstjór frambjóðendur að taka saman í eina setningu þeirra lausn í skólamála og hversu marga fulltrúa framboðin geri sér vonir um að fá inn í bæjarstjórn:

Sigurður: Telur raunsætt að það þurfi aukastofur. Væntir þess að fá tvo menn inn.

Geir: Vill sjá tónlistarstofuna fara undir leikskólann. Vilja ná þremur fulltrúum

Guðmundur: Vill sjá fleiri leikskólabörn í Naustakóla. Vilja ná þremur mönnum inn.

Njáll: Færanlegar stofur, til að jafna sveiflur. Fjórir menn inn.

Sóley: Færanlegar lausar stofur eða nýta laust húsnæði í hverfinu. Vilja fá 3 menn.

Logi: Tvær leiðir - fara fyrr í framkvæmdir eða lausar stofur. Hvoru tveggja verður tekið til skoðunar. Kemur í ljós með fjölda bæjarstjórnarfulltrúa.

Vaka þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 22:40